

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra
vegna Kvoslækjar og Lambalækjar.

Skipulagsstofnun staðfesti 6. október 2020 breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2012-2024 sem samþykkt var í sveitarstjórn 27. ágúst 2020.

Í breytingunni felst að um 25,4 ha frístundabyggð F-322 í landi Lambalækjar er breytt í íbúðarbyggð. Vestan við frístundabyggðina er íbúðarbyggð ÍB-366 í landi Kvoslækjar sem stækkar um það sem nemur stærð frístundabyggðarinnar. Gert er ráð fyrir 6 íbúðarlóðum í landi Lambalækjar.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 6. október 2020.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 20. október 2020